

Íslandsmót 2010

Skrifað af Skarphéðinn Ásbjörnsson

Mánudagur, 06 September 2010 00:45 - Síðast uppfært Mánudagur, 06 September 2010 00:52

Íslandsmót EFSA Íslandi sem halda átti þann 28. ágúst sl. í Ólafsvík verður haldið þar þann 18. september n.k.

Kept verður eftir þeim reglum EFSA og þeirri stigagjöf sem gildi í Bátakeppni Evrópumótsins í vor nema það sem fram kemur hér. (Reglurnar er hægt að nálgast hér á síðunni undir "Dalvík 2010")

Mótsgjald er frítt.

Mótssetning verður föstudaginn 17. september kl 20:00 í Mettubúð.

Keppendur skulu vera mættir á hafnarsvæðið klukkan 06:30 að morgni keppnisdagsins. Bátum er heimilt að leggja úr höfn kl. 07:00. Hálfímaveiði er heimil innan hafnar áður en lagt er úr höfn. Veiðitími er 6 klukkustundir frá fyrsta rennsli eftir að lagt er úr höfn að síðasta "hafa uppi" heildarveiðitími er því sex og hálf klukkustund. Bátar skulu vera í höfn í síðasta lagi kl. 16:00.

Verðlaunaafhending verður laugardaginn 18. september kl. 20:00 í Mettubúð. Grillveisla verður að verðlaunaafhendingu lokinni.

Veitt verða verðlaun fyrir stærsta fisk hvefarrar tegundar, stærsta fisk mótsins og flestar tegundir. Einnig verða veitt verðlaun fyrir stigahæstu tveggja manna sveit. Íslandsmeistarar kvenna og karla verða þeir sem stigahæstir eru og verða veitt brons, silfur og gullverðlaun í hvorum flokki.

Tilkynningu um skráningu í mótið skal senda á gamli@simnet.is eða hringja í formann í síma 8926662.

Íslandsmót 2010

Skrifað af Skarphéðinn Ásbjörnsson

Mánudagur, 06 September 2010 00:45 - Síðast uppfært Mánudagur, 06 September 2010 00:52
